

45. Fundur í umhverfis- og skipulagsnefnd Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar fimmtudaginn 20. mars 2014 og hófst kl 13:00

Mættir: Steinunn Leósdóttir formaður, Sóley Indriðadóttir, Björgvin Þóroddsson, Jósteyn Hermundarson, og Ólafur Steinarsson sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna spurði hvort nefndarmenn hefðu eitthvað við fundarboð að athuga. Svo var ekki

Dagskrá:

1. Lóðarumsókn frá Ísfélagi Vestmannaeyja hf.

Langanesbyggð barst lóðarumsókn frá Ísfélaginu dags 1. mars 2014 vegna umsóknar á 1.917 m² lóð að Eyrarvegi 5. Fundurinn ákvað að vísa erindinu til umsagnar í Hafnarnefnd áður en frekari umræður eru teknar varðandi málið.

2. Sorpmál á Bakkafirði.

Fjallað var um stöðu á samningi við íbúasamtök Bakkafjarðar. Ákveðið að Steinunn og Ólafur myndu óska eftir fundi með fulltrúum frá samtökunum.

3. Langanesvegur 2 stækkun lóðar

Erindi hafði borist frá eigendum Langanesvegar 2 um stækkun lóðar um 3 metra bakvið bygginguna í eða inn í skruðgarð. Lóðarteikningar lágu fyrir en stækkunin er útað trjárinna sem liggur bakvið húsið. Var samþykkt samhljóða að fallast á þessa breytingu.

4. Sandvík Fjarðarvegur 14

Rætt var um ástand hússins og þess að ekki hafi enn borist inn áætlanir um endurbyggingu hússins. Ákveðið var að senda eigenda áskorun um að koma teikningum og áætlunum um endurbyggingu inn til sveitarfélagsins hið fyrsta.

5. Staðfesting á breytingu á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 stækkun athafnasvæðis á Holtinu á Þórshöfn.

Lagt var fyrir fundinn bréf frá Skipulagsstofnun dagsett 5. mars 2014 þar sem skiplagsbreytingin er staðfest.

6. Skólamiðstöð.

Teikningar af skólamiðstöð lagðar fram til kynningar. Ólafur tjáði nefndinni að formlegur kynningarfundur á stöðu verkefnisins yrði næstu dagana fyrir sveitarstjórn og skorað á nefndarmenn að mæta einnig á þann fund.

7. Sparkvöllur.

Rætt um færslu á sparkvelli og hvar hann væri þá best niður komin. Engin niðurstaða kom í þetta þó hallast flestir á að best væri að koma honum bakvið íþróttahús.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl 14:10